Greiningardeild
febrúar 2018

Sjúkratryggingar Íslands

Rekstrarlíkan hjúkrunarheimila

Áfangaskýrsla -greining á rekstrarkostnaði

Sjúkratryggingar Íslands

Útgáfa	Dags.	Lýsing	Unnið af	Yfirfarið af	Ábyrgðarmaður
1	xxxxxx	Rekstrarlíkan hjúkrunarheimila	Starfshópi		Helga Garðarsdóttir

Starfshópur og verkefnið

Í samræmi við 23. gr. rammasamnings, milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila, skipaði samstarfsnefnd aðila rammasamnings sérstaka fulltrúa í starfshóp um rekstrarlíkan hjúkrunarheimila. Verkefni starfshópsins skv. samningi er að fjalla um rekstrarkostnað þeirra hjúkrunarheimila sem rammasamningurinn nær til og þar með leggja mat á kostnað við framkvæmd kröfulýsingar sem er hluti rammasamningsins. Starfshópurinn hefur það hlutverk að setja upp raunhæft rekstrarlíkan fyrir stofnanir sem vinna eftir kröfulýsingu velferðarráðuneytis sem fylgir rammasamningnum. Þegar rekstrarlíkanið liggur fyrir skulu samningsaðilar skoða hvernig hægt sé nýta það við endurskoðun daggjalda og fjármögnunar þeirra stofnana sem í hlut eiga. Stofnanir, sem eru aðilar að rammasamningnum, geta þá borið rekstur sinn saman við einstaka liði líkansins og greint frávik.

Starfshópurinn ákvað að skipta verkefninu í tvo áfanga. Fyrri áfangi verkefnisins lýtur einungis að greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila fyrir árið 2016, sem sóttu um aðild að rammasamningi SÍ í lok ársins. Ekki var skoðað hvort og þá að hve miklu leyti hjúkrunarheimilin eru að uppfylla opinberar kröfur skv. lögum og reglugerðum eða skv. þeim kröfum sem koma fram í rammasamningnum og í kröfulýsingu velferðarráðuneytisins. Ákveðið var þó að starfshópurinn myndi taka til skoðunar þann launakostnað sem fylgir viðmiðum Embættis landlæknis um mönnun á hjúkrunarheimilum og bera saman við raunlaunakostnað heimilanna í þessum áfanga. Í seinni áfanga verkefnisins verður rýnt betur í þær kröfur sem lagðar eru á hjúkrunarheimilin og þann raunkostnað sem fellur til við að uppfylla þær kröfur. Kröfugerð hins opinbera er þó að mörgu leyti óljós og því reyndist seinni áfangi verkefnsins viðameiri og flóknari en lagt var upp með. Hluti af seinni áfanga felur einnig í sér nánari rýni á svonefndu „smæðarálagi“ hjúkrunarheimila.Bæði þarf að greina betur áhrif stærðarhagkvæmni hjúkrunarheimila á heildarkostnað, sem og kortleggja betur falinn rekstrarkostnað sem virðist fylgja minni hjúkrunarheimilum, bæði með hliðsjón af þjónustu sem er niðurgreidd af sveitarfélögum sem og með hliðsjón af mismunandi þjónustustigi hjúkrunarheimila. Starfshópurinn gerir því ráð fyrir að haldið verði áfram með seinni áfanga strax í kjölfar skila á þessari skýrslu.

Í starfshópnum um rekstarlíkan hjúkrunarheimila voru skipaðir eftirfarandi aðilar:

Frá Sjúkratryggingum Íslands eru eftirfarandi:
Eymundur Sveinn Leifsson, sérfræðingur Greiningardeild
Helga Garðarsdóttir, sérfræðingur og deildarstjóri Greiningardeild

Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) eru eftirfarandi:
Harpa Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Hrafnistu
Sigurður Rúnar Sigurjónsson, forstjóri Eir
Eybjörg Helga Hauksdóttir, framkvæmdarstjóri SFV

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er eftirfarandi:
Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði

Sjúkratryggingar Íslands

Viðfangsefni áfangaskýrslu

Í þessari skýrslu, sem lítur að fyrri áfanga verkefnisins. Hér fjallað um launa- og rekstarkostnað hjúkrunarheimila árið 2016 og farið í nákvæma greiningu og skoðuð rekstrarstaða m.t.t. fjölda hjúkrunar- og dvalarrýma ásamt hjúkrunarþyngd og þjónustu. Þá voru teknar saman upplýsingar um launakostnað við umönnun hjá 90 rýma hjúkrunarheimili, út frá þeirri forsendu að slíkt heimili þyrfti að uppfylla viðmið um mönnun (2. Útgáfa, 2015) sem Embætti landlæknis leggur til grundvallar í úttektum sínum á þjónustu hjúkrunarheimila og bera þann kostnað saman við meðallaunakostnað hjúkrunarheimila sem falla undir rammasamning milli aðila.

Niðurstöður

Tekin var ákvörðun að afmarka þessa áfangaskýrslu við að rýna rekstrartölur hjúkrunarheimila árið 2016 (auk afmarkaðrar skoðunar á viðmiðum Embættis landlæknis um mönnun á hjúkrunarheimilum). Þessi skýrsla sýnir því einkum gögn um raunverulegan rekstur hjúkrunarheimila og hvernig hann hefur afmarkast í gegnum árin með hliðsjón af fjármögnun hans.

Berlega kom í ljós við gerð þessarar skýrslu að þjónustustig hjúkrunarheimila er mjög ólíkt á milli einstaka heimila. Þjónusta hjúkrunarheimila er talsvert mismunandi og virðist það bæði ráðast af fjölda rýma og umönnunar- og hjúkrunarþyngd íbúa. Aðstaða heimilanna er misjöfn með hliðsjón af staðsetningu, stærð og fjármagni. Umönnunar- og hjúkrunarþyngd er almennt meiri hjá stærri hjúkrunarheimilum en mismunandi er hversu mikla umönnun íbúar hjúkrunarheimila þurfa skv. hjúkrunarmati og skráningu í svokallaðan RAI gagnagrunn (RAI; raunverulegur aðbúnaður íbúa).

Heildarkostnaður á hvert hjúkrunarrými hækkar almennt með auknum fjölda rýma á hverju hjúkrunarheimili og er heildarkostnaður á hvert rými er t.a.m. hæstur hjá heimilum sem eru með 41-90 rými. Ætla mætti að stærri hjúkrunarheimili hefðu möguleika á að ná fram meiri hagræðingu með lægri meðalkostnaði á einingu og þar með betri nýtingu aðfanga en svo er ekki. Í greiningu starfshópsins kemur í ljós að ábatinn af stærðarhagkvæmninni er í raun að skila sér beint til íbúa hjúkrunarheimila, þar sem aukið fjármagn skapar svigrúm fyrir aukna og fjölbreyttari heilbrigðisþjónustu og betri aðbúnað.

Þrátt fyrir að stærðarhagkvæmni stærri hjúkrunarheimila skili sér í aukinni heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa þeirra, komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að meðallaunakostnaður hjúkrunarheimila með 90 rými (eða fleiri) er um 32% lægri heldur en meðallaunakostnaður 90 rýma hjúkrunarheimilis sem fylgir viðmiðum Embættis landlæknis um mönnun. Hjúkrunarheimili, jafnvel stærstu og hagkvæmustu einingarnar, eru því almennt ekki að ná að uppfylla umrædd viðmið embættisins og því þyrfti að hækka greiðslur til hjúkrunarheimila umtalsvert ef það ætti að takast.

Starfshópurinn hefur hafið vinnu við seinna hluta verkefnisins, þ.e. að kostnaðargreina núgildandi kröfur á hjúkrunarheimili. Hins vegar hefur komið í ljós að þrátt fyrir skilmála rammasamnings SÍ og umtalsvert magn af regluverki, eru kröfur um magn og gæði þjónustunnar (að áðurnefndum viðmiðum Embættis landlæknis um mönnun undanskildum) að ákveðnu leyti mjög óljósar og veldur það erfiðleikum við kostnaðargreiningu þeirra. Ætla má að það valdi einnig einstökum hjúkrunarheimilum erfitt fyrir að ákvarða hvaða þjónustustig þau eiga í raun að veita, sem og gefa vísbendingar um hvenær þurfi að auka við þjónustuna og hvenær þess sé ekki þörf. Þjónustustig virðist því ákvarðast af aðstæðum á hverju heimili fyrir sig og því fjármagni sem er til staðar hverju sinni, óháð því hvort slík þjónusta uppfyllir í raun þær kröfur sem eru gerðar til hennar af hálfu hins opinbera.

Greining núverandi rekstrar, án skoðunar á því að hvaða leyti reksturinn er að uppfylla opinberar og faglegar kröfur, er háð umtalsverðum annmörkum. Það er því nauðsynlegt að starfshópurinn haldi vinnu sinni áfram og skili af sér rekstrarlíkani hjúkrunarheimila í þremur stærðum, sem uppfyllir að öllu leyti þær gæðakröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Slík vinna mun nýtast stjórnvöldum við ákvörðun fjármagns til málaflokksins í heild sinni, en einnig við ákvörðun smæðarálags til minni heimila.

Greining á launa- og rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila

Aðferðarfræði

Greining á launa- og rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila tekur til þjónustu hjúkrunarheimila sem ekki eru með fastar fjárveitingar og starfa skv. rammsamningi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). Starfshópurinn tók saman gögn frá árinu 2016 sem er síðasta árið áður en samningurinn kom að fullu til framkvæmda. Rammasamningurinn var undirritaður 21. október 2016 og fól í sér uppgjör á árinu 2017. Samningurinn kom því ekki að fullu til framkvæmnda fyrr en árið 2017. Því er hægt að nota árið 2016 sem einskonar samanburðarár til að meta áhrif rammasamnings SÍ.

Í byrjun árs 2017 var öllum hjúkrunarheimilum, sem eru aðilar að rammasamningi SÍ um þjónustu hjúkrunarheimila, send fyrirspurn og þeim gert að skila inn launa- og rekstrarupplýsingum á sérstöku eyðublaði til starfshópsins. Eyðublaðið var samþykkt bæði af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og af velferðarráðuneytinu. Samhliða þeirri vinnu var farið í að yfirfara vægi starfshópa á hjúkrunarheimilum skv. fylgiskjali VIII með rammasamningnum, sem og að yfirfara hlutfall launa- og rekstrarkostnaðar. Starfshópurinn skilaði af sér minnisblaði til samninganefndar í febrúar 2017, *sjá nánar fylgiskjal II*. Í niðurstöðum starfshópsins kom fram að hópurinn taldi hugsanlegt að launakostnaður væri vantalinn í þeim gögnum sem hann hafði þá undir höndum. Því var farið út í nýja greiningu og óskað eftir frekari gögnum. Alls voru 24 hjúkrunarheimili af 44 sem skiluðu inn upplýsingum um rekstrarkostnað og 34 af 44 hjúkrunarheimilum sem skiluðu inn upplýsingum um launakostnað.

Hjúkrunarheimilin sem starfa skv. rammasamningnum eru afar mismunandi, m.a. m.t.t. staðsetningar, stærðar, rýmafjölda og aðkomu sveitarfélaga að t.d. rekstri. Í greiningu starfshópsins á launa- og rekstrarkostnaði voru hjúkrunarheimilin sem starfa skv. rammasamningum flokkuð í 4 flokka eftir heildarrýmafjölda (dvalar- og hjúkrunarrými), *sjá töflu 2og töflu A í fylgiskjali I*.

Heildarrýmafjöldi við gildistöku rammasamnings var 2.481,5, þar af voru 2.188,5 hjúkrunarrými eða 88,2%. Heildarfjöldi hjúkrunar- og dvalarrýma á landinu öllu voru 3.035,5 rými og nær rammasamningur SÍ því til þjónustu í 81,7% rýma, *sbr. tafla 1*. Fyrir utan rammasamning SÍ er samningur um að leggja til og reka hjúkrunarheimilið Sóltún með alls 92 hjúkrunarrými. Hjúkrunar- og dvalarrými sem rekin eru án samninga við ríkið eru alls 462 og eru flest þeirra rekin af heilbrigðisstofnunum í samræmi við fjárveitingar á fjárlögum, *sjá töflu B í fylgiskjali I*.

Tafla 1. Fjöldi hjúkrunar- og dvalarrýma á landinu öllu við gildistöku rammasamnings SÍ árið 2016. Hlutfallsleg skipting rýmafjölda á milli rammasamnings SÍ, samnings við Sóltún og hjúkrunarheimila/heilbrigðisstofnana sem starfa án samninga við SÍ.

	Hjúkrunarrými	Dvalarrými	Alls	Hlutfallsleg skipting alls
Rammasamningur SÍ	**2.188,5**	**293**	**2.481,5**	**81,7%**
Sóltún	**92**	**0**	**92**	**3,0%**
Án samninga við SÍ*	**437**	**25**	**462**	**15,2%**
Alls	**2.625,5**	**318**	**3.035,5**	**100,0%**

Að meðtöldum rýmum á öldrunardeild á Vífilsstöðum sem Landspítali rekur.

Flokkun hjúkrunarheimila

Flest hjúkrunarheimilin sem starfa skv. rammasamningi SÍ tilheyra minnsta flokknum, með 20 rými eða færri, eða alls 34,1%. Af þeim eru 86,7% rekin af sveitarfélagi. Fæst hjúkrunarheimili eru í flokknum 91 rými eða fleiri eða alls 18,2% og eru flest þeirra rekin af öðrum aðila en sveitarfélagi. Meirihluti hjúkrunarheimila á landinu eru rekin af sveitarfélögum eða um 59,1%, *sjá töflu 2*.

Sveitarfélög sem reka hjúkrunarheimili eru almennt að reka eitt heimili en þó eru undantekningar í Reykjavík og á Akureyri. Reykjavíkurborg rekur tvö heimili, Droplaugarstaði og Seljahlíð, og Akureyrarkaupstaður rekur einnig tvö heimili undir sömu rekstrareiningu, Hlíð og Lögmannshlíð. Önnur hjúkrunarheimili sem rekin eru með einhvers konar samrekstri með öðrum hjúkrunarheimilum, eru rekin af sjálfseignarstofnunum, félagasamtökum eða einkahlutafélagi. Hrafnista eru félagasamtök undir Sjómannadagsráði og reka í dag 6 hjúkrunarheimili eftir að hafa nýlega tekið við rekstri Ísafoldar af sveitarfélaginu Garðabæ. Hjúkrunarheimilin Eir, Skjól og Hamrar eru með sameiginlega yfirstjórn, sem og hjúkrunarheimilin Mörk, Ás og Grund að einhverju leyti.

Tafla 2. Flokkun hjúkrunarheimila á rammasamningi SÍ árið 2016 ásamt RUG hjúkrunarþyngdarstuðli.

	Heimili með 20 rými eða færri	Hlutfall	Heimili með 21-40 rými	Hlutfall	Heimili með 41-90 rými	Hlutfall	Heimili með 91 rými eða fleiri	Hlutfall	Alls	Hlutfall
Sveitarfélag	**13**	86,7%	**8**	66,7%	**4**	44,4%	**1**	12,5%	**26**	59,1%
Sjálfseignarstofnun/ einkahlutafélag/ félagasamtök	**2**	13,3%	**4**	33,3%	**5**	55,6%	**7**	87,5%	**18**	40,9%
Alls	**15**	**100%**	**12**	**100%**	**9**	**100%**	**8**	**100%**	**44**	**100%**
Hlutfall af heildarfjölda	**34,1%**		**27,3%**		**20,5%**		**18,2%**		**100,0%**	
RUG hjúkrunar-þyngdarstuðull*	**0,98**		**1,07**		**1,13**		**1,12**		**1,10**	

Vegið meðaltal umönnunar- og hjúkrunarþyngdar heimila sem starfa skv. rammasamningnum á árinu 2016.

Þjónusta hjúkrunarheimila er talsvert mismunandi og virðist það bæði ráðast af fjölda rýma og umönnunar- og hjúkrunarþyngd íbúa, *sjá mynd 1*. Umönnunar- og hjúkrunarþyngd er almennt meiri hjá stærri hjúkrunarheimilum en mismunandi er hversu mikla umönnun íbúar hjúkrunarheimila þurfa skv. hjúkrunarmati og skráningu í svokallaðan RAI gagnagrunn (RAI; raunverulegur aðbúnaður íbúa). Öll hjúkrunarheimili þurfa að skrá heilsufar og aðbúnað íbúa í RAI gagnagrunninn skv. núgildandi reglugerð nr. 544/2008, um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa í hjúkrunarrýmum. Gagnagrunnurinn á að lýsa raunverulegum aðbúnaði hvers íbúa á hjúkrunarheimilum, hvaða starfsmenn koma að umönnun hans og hvað var gert. Við lok hverjar skráningar fær hver íbúi ákveðinn umönnunar og hjúkrunarþyngdarstuðul sem kallast RUG hjúkrunarþyngdarstuðull og á hann að endurspegla þann tíma og þá umönnun sem einstaklingurinn fær. RUG hjúkrunarþyngdarstuðlar í mælitækinu voru síðast endurskoðaðir árið 2000 og þær tímamælingar sem Sjúkratryggingar Íslands framkvæmdu í undirbúningi samningsgerðar um rammasamning SÍ sýndu mikilvægi þess að endurtaka þurfi tímamælingar og að það þurfi að fara yfir áreiðanleika og forsendur RAI mælitækisins þannig að þær endurspegli raunverulegan umönnunartíma og launakostnað starfsmanna í umönnun.

Á árinu 2016 var meðal RUG hjúkrunarþyngdarstuðull íbúa 1,10 hjá þeim hjúkrunarheimilum sem starfa innan rammasamnings SÍ. Hjúkrunarþyngdin var lægst hjá hjúkrunarheimilum með 20 rými eða færri eða 0,98. Sé skoðuð hjúkrunarþyngd eftir heilbrigðisumdæmum þá var hjúkrunarþyngd íbúa lægst á hjúkrunarheimilum sem staðsett eru á Austurlandi, Vesturlandi og Suðurlandi en þar er jafnframt hlutfall hjúkrunarheimila með 20 rými eða færri hæst. Hjúkrunarþyngd íbúa var hæst á Suðurnesjum og því næst á höfuðborgarsvæðinu hjá hjúkrunarheimilum sem starfa skv. rammasamningi SÍ, *sjá nánar töflu 3*.

Til samanburðar var RUG hjúkrunarþyngdarstuðull íbúa 1,02 hjá þeim aðilum sem reka hjúkrunar- og dvalarrými án samninga við SÍ. Flestir skrá aðbúnað og umönnun í RAI gagnagrunninn en þó eru á því undantekningar, *sjá nánar töflu B í fylgiskjali I*.

Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir hjúkrunarheimili sem starfa skv. rammasamningi SÍ árið 2016. Samband á milli fjölda hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimili og RUG hjúkrunarþyngdarstuðuls.



Tafla 3. Yfirlit yfir fjölda hjúkrunarheimila sem starfa skv. rammasamningi SÍ eftir heilbrigðisumdæmum árið 2016.

	Fjöldi hjúkrunar-heimila	RUG hjúkrunar-þyngdar stuðull	Hlutfall hjúkrunarheimila með 20 rými eða færri	Hlutfall hjúkrunarheimila með 91 rými eða fleiri
Austurland	3	1,02	66,7%	0,0%
Höfuðborgarsvæðið	15	1,13	14,3%	42,9%
Norðurland	8	1,08	50,0%	12,5%
Suðurland	9	1,03	33,3%	11,1%
Suðurnes	2	1,20	0,0%	0,0%
Vesturland	7	1,04	57,1%	0,0%
Alls	**44**	**1,10**	**34,1%**	**18,2%**
Heimili utan höfuðborgarsv.	**39 (66%)**	**1,07**	**13 (44,8%)**	**2 (6,9%)**

Heildarkostnaður hjúkrunarheimila árið 2016

Heildarkostnaður hjúkrunarheimila á hvert rými á ári var að meðaltali 10,8 m.kr. á árinu 2016, *sjá töflu 5*. Húsaleiga, skuldbindingar og afskriftir húsnæðis er þar undanskilin, *sjá nánar umfjöllun í kafla um rekstrarkostnað.* Launakostnaður var að meðaltali um 79,2% á hvert rými og hlutfall rekstrarkostnaðar um 20,8%.

Heildarkostnaður á hvert rými hækkar almennt með auknum fjölda rýma á hverju heimili og er heildarkostnaður á hvert rými t.a.m. hæstur hjá hjúkrunarheimilum sem eru með 41-90 rými. Ætla mætti að stærri hjúkrunarheimili hefðu möguleika á að ná fram meiri hagræðingu með lægri meðalkostnaði á einingu og þar með betri nýtingu aðfanga en svo er ekki. Í greiningu starfshópsins kemur í ljós að ábatinn af stærðarhagkvæmninni er í raun að skila sér beint til íbúa hjúkrunarheimila, þar sem aukið fjármagn skapar svigrúm fyrir aukna heilbrigðisþjónustu og betri aðbúnað. Það sést einna best á skráningu á raunverulegum aðbúnaði og umönnun íbúa í RAI gagnagrunninn. Af þeirri skráningu virðist mega merkja lægra þjónustustig á minni hjúkrunarheimilum þar sem heimili með 20 rými eða færri eru almennt með lægri RUG hjúkrunarþyngdarstuðul. Þessu til stuðnings sést einnig að launakostnaður á hvert rými lækkar með auknum fjölda rýma ef tekið er tilliti til RUG hjúkrunarþyngdarstuðuls, *sjá töflu 4*. Vísbendingar um lægra þjónustustig má einnig finna í skiptingu launakostnaðar niður á heilbrigðisstéttir hjá minnstu heimilunum til samanburðar við stærri heimilin, *sjá nánar umfjöllun í kafla um launakostnað*. Á minni hjúkrunarheimilum er hlutfall launakostnaðar hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara á hvert rými töluvert lægra en á stærri heimilum.

Tafla 4: Heildarlaunakostnaður og launakostnaður vegna umönnunar íbúa á hvert rými á ári að teknu tilliti til RUG hjúkrunarþyngdarstuðuls á árinu 2016 eftir flokkun hjúkrunarheimila.

	21 rými eða færri	21-40 rými	41-90 rými	91 rými eða fleiri
Heildarlaunakostnaður/ rými á ári	**8.078.546 kr.**	**8.790.224 kr.**	**9.140.938 kr.**	**8.204.287 kr.**
Þar af launakostnaður vegna umönnunar / rými á ári	6.550.218 kr.	7.206.440 kr.	7.701.145 kr.	6.742.422 kr.
RUG-hjúkrunarþyngdarstuðull (vegið meðaltal)	**0,96**	**1,08**	**1,14**	**1,12**
Heildarlaunakostnaður á hvert rými á ári mv RUG, 1,00	**8.372.073 kr.**	**8.140.850 kr.**	**8.042.813 kr.**	**7.336.077 kr.**
Þar af launakostnaður vegna umönnunar á hvert rými á ári mv RUG 1,00	6.788.215 kr.	6.674.067 kr.	6.775.986 kr.	6.028.913 kr.

.

Tafla 5. Heildarkostnaður á hvert rými eftir flokkun hjúkrunarheimila ásamt nánari sundurliðun á launa- og rekstrarkostnaði / rými árið 2016.

	20 rými eða færri	Hlutfall	21-40 rými	Hlutfall	41-90 rými	Hlutfall	91 rými eða fleiri	Hlutfall	Meðaltal	Hlutfall
Heildarkostnaður/ rými á ári	**10.485.804 kr.**	**100,0%**	**10.979.319 kr.**	**100,0%**	**11.272.751 kr.**	**100,0%**	**10.466.494 kr.**	**100,0%**	**10.829.854 kr.**	**100,0%**
Launakostnaður/ rými á ári	**8.078.546 kr.**	**77,0%**	**8.790.224 kr.**	**80,1%**	**9.140.938 kr.**	**81,1%**	**8.204.287 kr.**	**78,4%**	**8.582.261 kr.**	**79,2%**
Þar af:										
Umönnun íbúa	6.550.218 kr.	62,5%	7.206.440 kr.	65,6%	7.701.145 kr.	68,3%	6.742.422 kr.	64,4%	7.096.571 kr.	65,3%
Stoðþjónusta og stjórnun	1.528.328 kr.	14,6%	1.583.784 kr.	14,4%	1.439.793 kr.	12,8%	1.461.865 kr.	14,0%	1.485.690 kr.	13,9%
Rekstrarkostnaður/ rými á ári	**2.407.258 kr.**	**23,0%**	**2.189.094 kr.**	**19,9%**	**2.131.813 kr.**	**18,9%**	**2.262.207 kr.**	**21,6%**	**2.247.593 kr.**	**20,8%**
Þar af:										
Hjúkrunarkostnaður og lyf	375.444 kr.	3,6%	386.726 kr.	3,5%	371.788 kr.	3,3%	333.902 kr.	3,2%	366.965 kr.	3,4%
Rekstur stoðsviða	1.260.756 kr.	12,0%	1.126.103 kr.	10,3%	1.173.741 kr.	10,4%	1.252.393 kr.	12,0%	1.203.248 kr.	11,1%
Húsnæðiskostnaður*	410.695 kr.	3,9%	347.189 kr.	3,2%	321.830 kr.	2,9%	386.750 kr.	3,7%	366.616 kr.	3,4%
Annar rekstur	360.363 kr.	3,4%	329.076 kr.	3,0%	264.454 kr.	2,3%	289.163 kr.	2,8%	310.764 kr.	2,9%

*Húsaleiga, skuldbindingar og afskriftir húsnæðis eru ekki meðtaldar í húsnæðiskostnaði.

Sjúkratryggingar Íslands

Launakostnaður hjúkrunarheimila árið 2016

Launakostnaði hjúkrunarheimila er skipt í tvennt, annars vegar launakostnað við umönnun íbúa á hjúkrunarheimilum og launakostnað í tengslum við stjórnun og stoðþjónustu við íbúa. Með launakostnaði við umönnun er vísað til launakostnað vegna lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, sjúkraliða, annars fagfólks sem og ófaglærðs starfsfólks. Með launakostnaði vegna stjórnunar og stoðþjónustu er átt við launakostnað starfsfólks sem ekki er í beinni umönnun við íbúa hjúkrunarheimilisins. Starfsfólk getur þó að hluta til starfað í beinni umönnun við íbúa og að hluta til á skrifstofu og í stjórnun. Óskað var eftir því að slíkur launakostnaður væri aðgreindur í gögnunum. Allur annar launakostnaður starfsmanna á hjúkrunarheimilinu s.s. í ræstingu, eldhúsi, skrifstofu og húsvörslu fellur undir rekstrarkostnað. Ástæðan er sú að misjafnt er á milli hjúkrunarheimila hvort þjónustan er aðkeypt eða ekki.

Tekið skal fram að á minni heimilum er ýmis stoðþjónusta innifalin í daglegum störfum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem stærri heimilin flokka sem stoðþjónustu. Þá sjá sveitarfélög oft um hluta þessari þjónustu fyrir hjúkrunarheimili í sínu byggðarlagi, jafnvel líka hjá stærri hemilum og er misjafnt hvort og með hvaða hætti það er bókfært.

Starfshópurinn taldi rétt að skoða einnig sérstaklega þær kröfur sem gerðar eru til umönnunar á hjúkrunarheimilum útfrá viðmiðum Embættis landlæknis til mönnunar, 2. útgáfa september 2015.

Launakostnaður við umönnun íbúa

Launakostnaður vegna umönnun íbúa á hvert rými á ári er lægstur hjá hjúkrunarheimilum sem eru með 20 rými eða færri og hæstur hjá þeim hjúkrunarheimilum sem eru með 41-90 rými. Launakostnaður er þó svipaður hjá minnstu heimilunum með 20 rými eða færri og hjá þeim stærstu með 91 rými eða fleiri, *sjá töflu 6 og mynd 2*. Það mætti þó benda á að hér er um að ræða tölfræðilega lítið úrtak og því getur einn kostnaðarútlagi skekkt niðurstöður. Af þeim sökum voru einnig fundin meðaltöl þar sem kostnaðarútlagar voru fjarlægðir úr launatölum. (kostnaðarútlagi er skilgreindur sem launakostnaður sem er 50% hærri eða lægri en meðaltalið). Þegar útlagar eru fjarlægðir er meðal launakostnaður lægstur hjá stærstu heimilunum á meðan minnstu heimilin hoppa upp fyrir heimilin í flokknum 21-40 rými, s*já nánar töflu 6*.

Tafla 6: Launakostnaður vegna umönnun íbúa á hvert rými á ári eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.

	Launakostnaður vegna umönnun íbúa/ rými á ári	Launakostnaður vegna umönnun íbúa / rými á ári, án kostnaðarútlaga*
20 rými eða færri	6.550.218 kr.	7.315.831 kr.
21-40 rými	7.206.440 kr.	7.148.654 kr.
41-90 rými	7.887.204 kr.	8.137.765 kr.
91 rými eða fleiri	6.742.422 kr.	6.397.223 kr.

*Launakostnaður sem er 50% hærri eða lægri en meðaltal er skilgreindur sem kostnaðarútlagi.

Mynd 2. Launakostnaður vegna umönnun íbúa á hvert rými á ári eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Sé launakostnaður vegna umönnun íbúa skoðaður niður á starfsstéttir sést að hlutfall launakostnaðar hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara og iðjuþjálfa er lægst hjá hjúkrunarheimilum sem eru með 20 rými eða færri. Jafnframt er hæsta hlutfall launakostnaðar ófaglærðra í umönnun íbúa á minnstu hjúkrunarheimilunum eða allt 57,1% af heildarlaunakostnaði við umönnun íbúa. Hlutfall launakostnaðar lækna, sjúkraþjálfara og iðjuþjálfa er hæst hjá stærstu hjúkrunarheimilum sem eru með 91 rými eða fleiri og hlutfall launakostnaðar hjúkrunarfræðinga og annars fagfólk er hæst hjá hjúkrunarheimilum með 41-90 rými á árinu 2016, *sjá mynd 3*.

Mynd 3: Hlutfallsleg skipting launakostnaðar vegna umönnunar íbúa niður á starfstéttir og flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Við nánari greiningu starfshópsins á launakostnaði vegna umönnun íbúa kemur í ljós að launakostnaður á hvert rými hækkar eftir því sem hjúkrunarþyngdin er hærri. Skráning á raunverulegum aðbúnaði og umönnun íbúa í RAI gagnagrunninn er því að endurspegla að einhverju leyti launakostnað starfsmanna í beinni umönnun við íbúa á hjúkrunarheimilum, *sjá mynd 4*.

Mynd 4: Launakostnaður vegna umönnunar íbúa / rými á ári til samanburðar við RUG hjúkrunarþyngdarstuðul árið 2016



Launakostnaður við umönnun íbúa í samræmi við viðmið Embættis Landlæknis um mönnun

Embætti landlæknis hefur eftirlit með því að faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu séu uppfylltar (sjá m.a. 16. gr. rammasamningsins). Fyrir liggja fagleg viðmið Landlæknisembættisins um mönnun á hjúkrunarheimilum frá árinu 2015, sem embættið leggur til grundvallar um æskilega mönnun og lágmarksmönnun á hjúkrunarheimilum. Um er að ræða fagleg viðmið sem ekki hafa lagalega stoð. Viðmiðin eru hins vegar lögð til grundvallar í öllum úttektum Embættis landlæknis á þjónustu hjúkrunarheimila. Ef viðmiðum um mönnun er ekki náð, er gerð athugasemd af hálfu landlæknis við rekstur umrædds hjúkrunarheimilis og gerð krafa um úrbætur. Taldi starfshópurinn því þörf á að leggja viðmiðin til grundvallar við kostnaðargreiningu opinberra krafna í skýrslu þessari. Markmið viðmiðanna er að styrkja þjónustu hjúkrunarheimila og tryggja gæði hennar og öryggi íbúa eins og frekast er kostur. Í viðmiðunum kemur fram að mönnun skal ætíð taka mið af umfangi og eðli þjónustunnar og aðstæðum hverju sinni, en tilgreina þó ávallt ákveðin lágmarksviðmið sem ekki megi fara niður fyrir til að hægt sé að tryggja öryggi íbúa.

Viðmið Embætti landlæknis voru unnin út frá mönnun og mönnunarsamsetningu á 15 hjúkrunarheimilum með 20 rými eða fleiri og voru hjúkrunarrými á stofnunum eða sjúkrahúsum undanskilin. Ekki er miðað við ákveðinn hjúkrunarþyngdarstuðul í þessum viðmiðum. Viðmiðin er sett fram sem æskilegt og lágmarks hlutfall (%) hjúkrunarfræðinga og faglæðra af heildarfjölda stöðugilda og einnig sem æskilegur og lágmarksfjöldi umönnunarklukkustunda íbúa á sólarhring. Í tölunum eru ekki heilbrigðisstarfsmenn sem sinna þjálfun s.s. sjúkra, iðju eða talþjálfun ásamt starfsmönnum sem sjá um ræstingu og öðru en beinni umönnun.

Starfshópurinn setti upp mönnunarmódel fyrir umönnunarþátt hjúkrunarheimilis með 90 hjúkrunarrými. Var módelið stillt af þannig að það myndi ná lágmarksviðmiðum Embættis landlæknis um mönnun á hjúkrunarheimilum (öryggisviðmið), en ekki ná æskilegri mönnun samkvæmt viðmiðum embættisins. Mönnunin var þannig sett á milli lágmarksmönnunar og æskilegrar mönnunar, sbr. tafla 7 og 8:

Sjúkratryggingar Íslands

Tafla 7: Mönnun á hjúkrunarheimili* sem uppfyllir viðmið Embættis landlæknis

	Virka daga			Helgar		
	Morgunn	**Kvöld**	**Nætur**	**Morgunn**	**Kvöld**	**Nætur**
Deildarstjóri	2,00					
Hjúkrunarfræðingar	8,00	5,00	2,03	6,00	4,00	2,03
Sjúkraliðar	10,00	7,80	5,00	8,00	7,80	5,00
Félagsliðar	1,90			1,90		
Starfsfólk við aðhlynningu	7,50	7,00	3,06	7,00	7,00	3,06
Alls	**29,40**	**19,80**	**10,09**	**22,90**	**18,80**	**10,09**

**miðað við 90 rýma hjúkrunarheimili*

Tafla 8: Forsendur rekstrarlíkans borið saman við viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum skv. Embætti landlæknis:

Fjöldi stöðugilda á sólarhring (meðaltal)	**Forsendur rekstrarlíkans**	**Æskilegt viðmið EL**	**Lágmarks viðmið EL**
Hjúkrunarfr.	**19,84**	**23,3**	**14,79**
Sjúkraliðar	**31,12**		
Félagsliðar	**2,66**		
Samtals faglærðir starfsmenn	**53,6**	**65,5**	**41,8**
Starfsfólk við aðhlynningu.	24,38	18,61	31,40
Stöðugildi alls:	**78,01**	**84,11**	**73,24**
Stöðugildi x 5 dagar x 8 klst.	***3120***	***3364***	***2930***
Fjöldi íbúa x 7 dagar	***630***	***630***	***630***
Umönnunarklst/ íbúa á sólarhing	**4,953**	**5,340**	**4,650**
Hlutfall hjúkrunarfræðinga af heildarfjölda stöðugilda	**25,44%**	**27,67%**	**20,20%**
Hlutfall faglærðra af heildarfjölda stöðugilda	**68,74%**	**77,87%**	**57,13%**

Þar sem um var að ræða 90 rýma einingu var við kostnaðarmat umönnunar ákveðið að byggja á launakostnaði hjúkrunarheimila af þeirri stærðargráðu. Var því aflað launagagna frá Hrafnistuheimilunum, Skjóli og Mörk fyrir árið 2017. Ákveðið var að við skoðun launakostnaðar yrði byrjað á að skoða heildarlaunakostnað hjúkrunarfræðings í umönnun og setja á þann kostnað stuðulinn 1. Launakostnaður annarra starfsstétta í umönnun var ákvarðaður í hlutfalli af þeim kostnaði (launavogir).

Launakostnaður hjúkrunarheimila með 91 rými eða fleiri vegna umönnunar íbúa á árinu 2016, *sbr. töflu 6*, var uppreiknaður fyrir árið 2017 með hliðsjón af kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins á þeim launahækkunum (skv. fjárlögum).

Samkvæmt niðurstöðum er raunverulegur meðallaunakostnaður hjúkrunarheimila með 91 rými (eða fleiri) 32% lægri heldur en meðallaunakostnaður 90 rýma hjúkrunarheimilis sem miðar rekstur sinn við viðmið Embættis landlæknis um mönnun, *sbr. tafla 9*. Má draga þá ályktun að heimilin séu ekki að uppfylla umrædd viðmið og að það þyrfti að hækka daggjöld hjúkrunarheimila umtalsvert ef hjúkrunarheimilin ættu að geta staðið undir slíkum launakostnaði.

Tafla 9: Raunlaunakostnaður hjúkrunarheimila með 90 rými eða fleiri við umönnun íbúa annars vegar og hins vegar launakostnaður hjúkrunarheimilis með 90 rými við umönnun íbúa í samræmi við viðmið Embættis landlæknis um mönnun

	Launakostnaður vegna umönnun íbúa / rými á ári
90 rýma heimili skv. Viðmiðum Embættis landlæknis	10.078.236 kr.
Uppreiknaður meðallaunakostnaður í 90 rýma eða fleiri, án kostn.útlaga (sbr. töflu 6) árið 2017.	6.787.454 kr.

Launakostnaður stoðþjónustu og stjórnun

Launakostnaður starfsmanna í stoðþjónustu og stjórnun hjúkrunarheimila er lægstur hjá stærstu hjúkrunarheimilunum sem eru með 91 rými eða fleiri, *sjá töflu 10, mynd 5 og 6*. Þegar kostnaðarútlagar eru fjarlægðir úr launatölunum má sjá að stærstu hjúkrunarheimilin sem eru með 41-90 rými og 91 rými eða fleiri, skera sig töluvert frá minni hjúkrunarheimilunum sem eru með lægri launakostnað í stoðþjónustu og stjórnun á hvert rými á árinu 2016.

Tekið skal fram að vel mátti merkja af innsendum gögnum heimilanna að á minni hjúkrunarheimilum, einkum sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins, er störfum við stoðþjónustu og stjórnun er sinnt af starfsmönnum á skrifstofu sveitarfélaganna. Kostnaður við þau störf var yfirleitt ekki hluti af innsendum kostnaðartölum hjúkrunarheimilanna. Ekki var svigrúm til að afmarka hvert umfang þessarar skekkju er í gögnunum.

Tafla 10: Launakostnaður starfsmanna í stoðþjónustu og stjórnun/ rými á ári eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.

	Launakostnaður í stoðþjónustu og stjórnun/ rými á ári	Launakostnaður í stoðþjónustu og stjórnun/ rými á ári, án kostnaðarútlaga*
20 rými eða færri	1.528.328 kr.	1.723.395 kr.
21-40 rými	1.583.784 kr.	2.118.576 kr.
41-90 rými	1.368.782 kr.	1.450.581 kr.
91 rými eða fleiri	1.461.865 kr.	1.516.324 kr.

*Launakostnaður sem er 50% hærri eða lægri en meðaltal er skilgreindur sem útlagi.

Mynd 5. Launakostnaður starfsmanna í stoðþjónustu og stjórnun/ rými á ári eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Mynd 6: Hlutfallsleg skipting launakostnaðar í stoðþjónustu og stjórnun niður á einingar og eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Rekstrarkostnaður hjúkrunarheimila árið 2016

Rekstarkostnaði hjúkrunarheimila er skipt niður í hjúkrunarkostnað, rekstur stoðsviða, annan kostnað og húsnæðiskostnað. Við greiningu á húsnæðiskostnaði var húsaleiga og afskriftir fasteigna undanskilin þar sem ráðstöfunarréttur húsnæðis (húsaleiga, skuldbindingar og afskriftir) er verulega mismunandi milli hjúkrunarheimila og því ekki um samanburðarhæf gögn að ræða. Undir húsnæðiskostnaði fellur því eingöngu viðhaldskostnaður fasteignar (verkkaup og byggingarvörur), rafmagn, hiti, heitt vatn, fasteignagjöld og tryggingar.

Rekstrarkostnaður á hvert rými á ári er að meðaltali um 2,2 m.kr. á árinu 2016 og er hann svipaður eftir flokkun hjúkrunarheimila, *sjá nánar töflu 11 og súlurit á mynd 7.*

Tafla 11: Rekstrarkostnaður á hvert rými á ári eftir flokkun hjúkrunarheimila fyrir árið 2016.

	20 rými eða færri	Hlutfall af heild	21-40 rými	Hlutfall af heild	41-90 rými	Hlutfall af heild	91 rými eða fleiri	Hlutfall af heild
Rekstrarkostnaður/ rými á ári	**2.407.258 kr.**	**100 %**	**2.189.094 kr.**	**100%**	**2.131.813 kr.**	**100%**	**2.262.207 kr.**	**100%**
Þar af:								
Hjúkrunarkostnaður og lyf	375.444 kr.	15,6%	386.726 kr.	17,7%	371.788 kr.	17,4%	333.902 kr.	14,8%
Rekstur stoðsviða	1.260.756 kr.	52,4%	1.126.103 kr.	51,4%	1.173.741 kr.	55,1%	1.252.393 kr.	55,4%
Húsnæðiskostnaður*	410.695 kr.	17,1%	347.189 kr.	15,9%	321.830 kr.	15,1%	386.750 kr.	17,1%
Annar rekstur	360.363 kr.	15,0%	329.076 kr.	15,0%	264.454 kr.	12,4%	289.163 kr.	12,8%

**Viðhaldskostnaður fasteignar, rafmagn, hiti, heitt vatn, fasteignagjöld og tryggingar.*

Mynd 7: Rekstrarkostnaður á hvert rými á ári eftir flokkun hjúkrunarheimila fyrir árið 2016



Hjúkrunarkostnaður og lyf

Undir hjúkrunarkostnað og lyf falla almenn lyf ásamt lyfjaþjónustu og lyfjaeftirliti, rannsóknir (blóð- og sýklarannsóknir), hjúkrunaraðföng (s.s. sáraumbúðir, hanskar, nálar og slöngur), sértæk hjúkrunaraðföng (s.s. stómavörur, næring og súrefni) og annar ótilgreindur hjúkrunarkostnaður. Bent er á að niðurgreiðslur Sjúkratrygginga Íslands taka almennt ekki til lyfjakostnaðar, sérfræðilæknaþjónustu og hjálpartækja einstaklinga sem flytjast inn á hjúkrunarheimili.

Hjúkrunarkostnaður og lyf á hvert rými á ári er hæstur hjá hjúkrunarheimilum með 21-40 rými en lægstur hjá hjúkrunarheimilum með 91 eða fleiri rými, *sjá nánar mynd 8*. Sé hjúkrunar- og lyfjakostnaður skoðaður nánar, *sbr. mynd 9*, sést að hlutfall lyfjakostnaðar er töluvert hærra á minni hjúkrunarheimilum á meðan hlutfall rannsókna og sértækra hjúkrunaraðfanga er hæst á stærstu hjúkrunaheimilunum.

Mynd 8: Hjúkrunarkostnaður og lyf á hvert rými á ári eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Mynd 9: Hlutfallsleg skipting á hjúkrunarkostnaði eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Skýring við mynd 2: Eitt hjúkrunarheimilið í „41-90" flokknum var með mjög háan kostnað undir „annar hjúkrunarkostnaður" og lítinn kostnað undir „hjúkrunaraðföng". Slík skipting skekkir myndina fyrir allan flokkinn, enda fjögur heimili í þeim flokki.

Rekstrarkostnaður stoðsviða

Rekstur stoðsviða er að meðaltali 11,1% af heildarkostnaði hjúkrunarheimila og því stærsti rekstrarliðurinn. Undir þessum lið falla einnig laun starfsmanna í eldhúsi og ræstingum því mismunandi er hvernig það er skráð í bókhaldið og hvort þjónustan er aðkeypt eða ekki. Undir rekstur stoðsviða fellur kostnaður vegna eftirtalinna atriða; þvottahús og ræsting (þvottaefni, áhöld, aðkeypt þjónusta/laun, hreinlætisvörur og ræstivörur), eldhús (rekstur eldhús, laun, ræstivörur í eldhúsi, gæðakerfi, innra eftirlit, næringarrekstrarfræðingur og hráefniskostnaður), skrifstofa, tölvu- og öryggiskerfi, félagsstarf og annað tengt stoðsviðum.

Sveitarfélög sjá oft að umtalsverðu leyti um rekstur stoðsviða hjúkrunarheimila, bæði hjá litlum hjúkrunarheimilum og stórum. Má nefna sem dæmi hagsmunagæslu ýmiskonar, bókhaldsþjónustu, ræstingu, umsjón fasteigna, tölvuþjónustu o.fl. Sá rekstur er oft án endurgjalds.

Rekstrarkostnaður stoðsviða er nokkuð svipaður milli hjúkrunarheimila og litlu muna á stóru og minnstu heimilunum. Mjög mismunandi er hvernig rekstur stoðsviða er skráður í bókhald hjúkrunarheimila. Í flokki hjúkrunarheimila með 41-90 rými er t.d. ekkert heimili með marktækan kostnað sem fellur undir þvottahús og ræsting þar sem ýmist enginn launa- og/eða rekstrarkostnaður skráður, *sjá mynd 10*. Hjá sumum hjúkrunarheimilum er fyrrgreind þjónusta veitt af sveitarfélagi án endurgjalds og að auki er mismunandi hvort heimilin njóti prestþjónustu án endurgjalds eða þjónustu sjálfboðaliða við tómstundastörf íbúa.

Mynd 10: Rekstrarkostnaður stoðsviða á hvert rými á ári eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Mynd 11: Hlutfallsleg skipting á rekstrarkostnaði stoðsviða eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður er að meðaltali um 2,9% af heildarkostnaði hjúkrunarheimila. Undir annan rekstrarkostnað fellur aðkeypt sérfræðiþjónusta, ýmiss starfsmannakostnaður (ferðir, fundir, ráðstefnur, bifreiðakostnaður, endurmenntun og námskeið), sjúkraflutningar, eignakaup og afskriftir eigna annarra en húsnæðis og annar rekstrarkostnaður (s.s. tryggingar aðrar en húsnæðistryggingar).

Minnstu hjúkrunarheimilin, með 20 rými eða færri, skera sig svolítið frá stærri heimilum með hærri rekstrarkostnaði sem fellur undir annað, *sjá mynd 12*. Minni hjúkrunarheimili eru með hærri kostnað tengt aðkeyptri sérfræðiþjónustu og sjúkraflutningum á meðan stærri hjúkrunarheimili eru með hærri starfsmannakostnað, *sjá nánar mynd 13*.

Mynd 12: Annar rekstrarkostnaður á hvert rými á ári eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Mynd 13: Hlutfallsleg skipting á öðrum rekstrarkostnaði eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Húsnæðiskostnaður hjúkrunarheimila árið 2016

Undir húsnæðiskostnað fellur viðhaldskostnaður fasteignar (verkkaup og byggingarvörur), rafmagn, hiti, heitt vatn, fasteignagjöld og tryggingar. Húsaleiga, afskriftir og skuldbindingar er undanskilið í greiningu á húsnæðiskostnaði þar sem gögn voru ekki samanburðarhæf milli hjúkrunarheimila. Töluvert misjafnt er t.d. hve háa húsaleigu hjúkrunarheimili greiða sem rekin eru af sveitarfélögum. Að auki eru fleiri þættir sem hafa áhrif á samanburðinn því sum sveitarfélög og hjúkrunarheimili eru með samning við ríkið um gjald fyrir fulla þóknun og afnot af húsnæði, skv. svokallaðri leiguleið. Þá eru sum heimili í eigin húsnæði og fá engar greiðslur frá hinu opinbera vegna þessa.

Samkvæmt rammasamningi við ríkið er greitt húsnæðisgjald til hjúkrunarheimila.Húsnæðisgjald tekur til viðhalds, umsjónar, umsýslu, fasteignagjalda o gtrygginga vegna húsnæðis, en ekki stofnkostnaði, afskrifta eða meiriháttar breytinga eða endurbóta á húsnæði.

Húsnæðiskostnaður er að meðaltali um 3,4% af heildarkostnaði hjúkrunarheimila og er á bilinu 320 þús til 410 þús á hvert rými á ári, *sjá nánar mynd 14*, og er viðhaldskostnaður fasteignar langstærsti hluti þess kostnaðar, *sjá mynd 15*.

Mynd 14: Húsnæðiskostnaður á hvert rými á ári eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Mynd 15: Hlutfallsleg skipting á húsnæðiskostnaði eftir flokkun hjúkrunarheimila árið 2016.



Fylgiskjal I

Tafla A. Hjúkrunarheimili og hámarksfjöldi rýma við gildistöku rammasamnings SÍ árið 2016 ásamt gildandi RUG hjúkrunarþyngdarstuðli.

Rekstraraðili	Hjúkrunarheimili	RUG 2016 *	Dvalar-rými	Hjúkr.-rými	Heildarfjöldi rýma	Hlutfall hjúkr.rýma
Sveitarfélag	Sæborg, Skagaströnd	0,91	0	8	8	100,0%
Sveitarfélag	Grenilundur, Grenivík	1,01	3	7	10	70,0%
Sveitarfélag	Sundabúð, Vopnafirði	0,98	0	11	11	100,0%
Sveitarfélag	Roðasalir, Kópavogi	0,9	0	11	11	100,0%
Sveitarfélag	Silfurtún, Búðardal	0,96	2	10	12	83,3%
Sjálfseignarstofnun	Fellaskjól, Grundarfirði	0,94	2	10	12	83,3%
Sveitarfélag	Naust, Þórshöfn	0,91	3	11	14	78,6%
Sveitarfélag	Barmahlíð, Reykhólum	0,98	2	14	16	87,5%
Sveitarfélag	Hjallatún, Vík	0,99	3	13,5	16,5	81,8%
Sveitarfélag	Jaðar, Ólafsvík	0,97	5	12	17	70,6%
Sjálfseignarstofnun	Sólvellir, Eyrabakka	0,97	13	5	18	27,8%
Sveitarfélag	Dvalarh aldraðra Stykkishólmi	1,00	5	13	18	72,2%
Sveitarfélag	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,91	2	16	18	88,9%
Sveitarfélag	Hulduhlíð, Eskifirði	1,00	0	20	20	100,0%
Sveitarfélag	Seljahlíð, Reykjavík	1,09	0	20	20	100,0%
Félagasamtök	Fell, dvalarheimili Reykjavík		21	0	21	0,0%
Sveitarfélag	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	1,07	10	15	25	60,0%
Sveitarfélag	Hornbrekka, Ólafsfirði	1,06	5	21	26	80,8%
Félagasamtök	Fellsendi, Búðardal	1,00	0	26	26	100,0%
Sveitarfélag	Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	1,09	3	25	28	89,3%
Félagasamtök	Hrafnista Hlévangur, Reykjanesbæ	1,23	0	30	30	100,0%
Sveitarfélag	Hamrar, Mosfellsbær	1,18	0	30	30	100,0%
Sveitarfélag	Heilbrigðisst. Suðurlands, Hornaf	1,03	6	24	30	80,0%
Sveitarfélag	Lundur, Hellu	1,07	1	31	32	96,9%
Einkahlutafélag	Kumbaravogur, Stokkseyri	1,03	4	30	34	88,2%
Sveitarfélag	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	1,01	8	29	37	78,4%
Sveitarfélag	Dalbær, Dalvík	1,02	11	27	38	71,1%
Sveitarfélag	Hvammur, Húsavík	1,07	17	27	44	61,4%
Félagasamtök	Hrafnista Boðaþing, Kópavogi	1,18	0	44	44	100,0%
Sjálfseignarstofnun	Brákarhlíð, Borgarnesi	1,18	17	35	52	67,3%
Félagasamtök	Hrafnista Nesvellir, Reykjanesbæ	1,18	0	60	60	100,0%
Sveitarfélag	Ísafold, Garðabæ	1,14	0	60	60	100,0%
Sjálfseignarstofnun	Sunnuhlíð, Kópavogi	1,13	0	70	70	100,0%
Sjálfseignarstofnun	Skógarbær, Reykjavík	1,11	1	81	82	98,8%
Sveitarfélag	Höfði, Akranesi	1,04	11	60	71	84,5%
Sveitarfélag	Droplaugarstaðir, Reykjavík	1,14	0	82	82	100,0%
Sjálfseignarstofnun	Ás Ásbyrgi, Hveragerði	1,03	50	77	127	60,6%
Sjálfseignarstofnun	Mörk, Reykjavík	1,13	0	113	113	100,0%
Sjálfseignarstofnun	Hjúkrunarheimilið Skjól	1,13	0	107	107	100,0%
Sjálfseignarstofnun	Eir, Reykjavík	1,15	0	185	185	100,0%
Sveitarfélag	Öldrunarstofnun Akureyrar	1,12	12	171	183	93,4%
Sjálfseignarstofnun	Grund, Reykjavík	1,11	11	181	192	94,3%
Félagasamtök	Hrafnista, Reykjavík	1,15	17	199	216	92,1%
Félagasamtök	Hrafnista, Hafnarfirði	1,08	48	167	215	77,7%
Alls		**1,10**	**293**	**2188,5**	**2481,5**	**88,2%**

**RUG 2016 miðast við skráningu á tímabilinu frá 1. desember 2014 til og með 31. október 2015.*

Sjúkratryggingar Íslands

Tafla B. Yfirlit yfir aðila sem starfa án samnings við SÍ árið 2016 ásamt RUG hjúkrunarþyngdarstuðli.

Rekstraraðili	Hjúkrunarheimili	RUG 2016*	Dvalar-rými	Hjúkr.-rými	Heildar-fjöldi rýma	Hlutfall hjúkr.rýma
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Hjúkrunarheimilið Dyngja, Egilsstaðir	1,15	0	23	23	100,0%
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Öldrunardeild, Seyðisfjörður	1,03	2	18	20	90,0%
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Öldrunardeild, Neskaupsstaður	1,07	1	12	13	92,3%
Ríkið	Sólvangur, hjúkrunarheimili	1,12	0	59	59	100,0%
Landspítali	Vífilsstaðir, Landspítali	**	0	44	44	100,0%
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Öldrunardeild, Blönduós	1,00	9	22	31	71,0%
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Öldrunardeild Sauðárkrókur	0,96	9	45	54	83,3%
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Öldrunardeild, Siglufjörður	0,92	0	20	20	100,0%
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Öldrunardeild, Húsavík	1,02	0	23	23	100,0%
Sjúkrahúsið á Akureyri	Sjúkrahúsið á Akureyri	**	0	7	7	100,0%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Öldrunardeild, Selfoss	1,00	0	40	40	100,0%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Öldrunardeild, Vestmannaeyjar	1,02	0	7	7	100,0%
Heilbrigðisstofnun suðurnesja	Víðihlíð Grindavík	1,02	0	20	20	100,0%
Heilbrigðisstofnun suðurnesja	Öldrunardeild, Keflavík	**	0	5	5	100,0%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Öldrunardeild, Stykkishólmur	1,12	0	7	7	100,0%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Öldrunardeild, Hólmavík	0,92	2	10	12	83,3%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Öldrunardeild, Hvammstanga	1,00	0	18	18	100,0%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Öldrunardeild, Patreksfjörður	0,99	2	11	13	84,6%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Hjúkrunarheimilið Tjörn, Þingeyri	0,99	0	6	6	100,0%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Hjúkrunarheimilið Eyri, Ísafjörður	0,99	0	30	30	100,0%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Hjúkrunarheimilið Berg, Bolungarvík	0,99	0	10	10	100,0%
Alls		**1,02**	**25**	**437**	**462**	**94,6%**

**RUG 2016 miðast við skráningu á tímabilinu frá 1. desember 2014 til og með 31. október 2015.*
***Ekki skráð í RAI gagnagrunn á umræddu tímabili*

Sjúkratryggingar Íslands

Fylgisskjal II

Starfshópur um rekstrarlíkan febrúar 2017

Minnisblað til samninganefndar rammasamnings hjúkrunarheimila

Vægi starfshópa og hlutfall launakostnaðar og rekstrarkostnaðar

Samkvæmt 9. gr. rammasamnings milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila kemur fram að samstarfsnefnd skuli yfirfara vægi starfshópa skv. fylgiskjali VIII, sem og hlutfall launakostnaðar og rekstrarkostnaðar fyrir 1. febrúar annað hvert ár, í fyrsta sinn fyrir 1. febrúar 2017. Tillögur um breytingar skulu síðan lagðar fyrir samninganefnd aðila. Launahluti einingarverðsins skv. 9. gr. rammasamningsins er nú 80%, að meðtöldum verktakagreiðslum heilbrigðisstarfsmanna og annar rekstrarkostnaður er 20%.

Fyrir hönd samstarfsnefndar tók starfshópur um rekstrarlíkan, sem starfar innan rammasamningsins, saman launa- og rekstrarupplýsingar vegna ársins 2016 frá alls 35 hjúkrunarheimilum. En alls 44 hjúkrunarheimili starfa skv. rammasamningnum. Um er að ræða launa- og rekstrarupplýsingar frá alls 18 hjúkrunarheimilum sem eru sjálfseignarstofnanir eða félagasamtök innan Samtaka Fyrirtækja í Velferðarþjónustu (SFV) og 17 hjúkrunarheimilum sem eru stofnanir sveitarfélags eða rekin af sveitarfélögum[1]. Gögnin sem hjúkrunarheimilin skiluðu inn voru í samræmi við eyðublað sem samþykkt var af bæði fjármála- og efnahagsráðuneytinu og af velferðarráðuneytinu.

Meðfylgjandi eru niðurstöður starfshópsins ásamt tillögum:

Niðurstöður: Hjúkrunarheimili hafa verið í flokkuð í 4 flokka eftir heildarrýmafjölda (stærð). Í meðfylgjandi töflum er launakostnaður og rekstrarkostnaður per rými sundurliðaður eftir stærð hjúkrunarheimila skv. ofangreindri flokkun. Stuðst var við launa- og rekstrarupplýsingar frá alls 33 hjúkrunarheimilum en tvö hjúkrunarheimili skiluðu inn ófullnægjandi rekstrarupplýsingum. Niðurstöður sýna að með auknum fjölda rýma þá eykst kostnaður línulega, sérstaklega þegar heildarrekstarkostnaður hjúkrunarheimila er skoðaður.

Launakostnaður per rými								
Félag	20 rými eða færri	Fjöldi heimila	21-40 rými	Fjöldi heimila	41-90 rými	Fjöldi heimila	91 rými eða fleiri	Fjöldi heimila
SFV	-	0	10.687.211 kr.	4	9.564.556 kr.	6	8.198.952 kr.	7
Sveitarfélagsheimili	8.654.771 kr.	9	8.264.435 kr.	6	-	0	9.955.801 kr.	1
Heild	8.654.771 kr.	9	9.233.545 kr.	10	9.564.556 kr.	6	8.418.558 kr.	8

Annar rekstrarkostnaður per rými								
Félag	20 rými eða færri	Fjöldi heimila	21-40 rými	Fjöldi heimila	41-90 rými	Fjöldi heimila	91 rými eða fleiri	Fjöldi heimila
SFV	-	0	2.137.616 kr.	4	1.786.557 kr.	6	2.119.234 kr.	7
Sveitarfélagsheimili	2.161.717 kr.	8	2.011.609 kr.	4	-	0	2.591.140 kr.	1
Heild	2.161.717 kr.	8	2.074.612 kr.	8	1.786.557 kr.	6	2.178.222 kr.	8

*) Dalbær, Lundur og Silfurtún skiluðu ekki inn upplýsingum um annan rekstrarkostnað og eru því ekki með í töflunni hér að ofan

[1] Þau heimili sem flokkast hér sem „sveitarfélagaheimili“ eru þó einnig aðilar að SFV, fyrir utan fimm heimili.







Niðurstöður framhald:

Í meðfylgjandi töflu er vægi starfshópa sundurliðað eftir eftir heildarrýmafjölda (stærð).

Launahópur	20 rými eða færri	21-40 rými	41-90 rými	91 rými eða fleiri
Læknar	1,67%	1,86%	1,79%	2,77%
Hjúkrunarfræðingar	11,12%	15,55%	13,02%	13,82%
Sjúkraþjálfarar	0,05%	1,11%	1,12%	1,52%
Iðjuþjálfar	0,30%	0,37%	0,76%	1,01%
Sjúkraliðar	17,37%	16,74%	19,11%	15,21%
Annað fagfólk	1,12%	1,36%	5,57%	2,93%
Ófaglært starfsfólk	46,41%	40,83%	40,70%	40,26%
Eldhús (kostn. við matargerð)	9,22%	9,77%	3,63%	4,14%
Eldhús (framreiðsla, býtibúr)	1,43%	0,77%	1,97%	2,62%
Þvottur	1,56%	1,31%	0,35%	0,19%
Eftirlit, umsjón fasteigna	0,07%	1,33%	0,86%	2,51%
Stjórnun (frkv.stj. og skrifstofa)	5,28%	3,92%	4,80%	5,68%
Stjórnun (aðrir starfsmenn)	1,48%	1,07%	2,33%	1,38%
Stjórnun (stjórn)	0,81%	0,13%	0,37%	0,36%
Fagfólk, annað	0,00%	0,31%	0,07%	0,68%
Starfsfólk, ófaglært	0,08%	0,78%	0,63%	0,98%
Ræsting	2,03%	2,78%	2,93%	3,93%
Hlutfall launa af heildar rekstrarkostnaði	**80,03%**	**81,73%**	**84,11%**	**79,33%**

Tillögur:

Í samræmi við niðurstöður eru tillögur eftirfarandi um breytingu á vægi starfshópa og að launahluti einingarverðsins verður óbreytt frá því sem nú er í rammasamningi eða 80%, að meðtöldum verktakagreiðslum heilbrigðisstarfsmanna, og annar rekstrarkostnaður verður áfram 20%.

Stéttarfélag	Hlutfall af launakostnaði
Læknafélag Íslands	2,43%
Stéttarfélag sjúkraþjálfara	1,32%
Iðjuþjálfafélag Íslands	0,89%
Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga	16,19%
Sjúkraliðafélag Íslands	16,39%
Efling stéttarfélag	56,13%
SFR/VR	3,50%
Útgarður/BHM	1,83%
Samiðn/Rafiðnaðarsamand Íslands	1,31%

Starfshópurinn telur hugsanlegt að launakostnaður sé vantalinn í gögnunum sem starfshópnum bárust, sérstaklega frá minni hjúkrunar – og dvalarheimilum, þegar hann er greiddur af þriðja aðila (s.s. sveitarfélagi) og hann bókfærður sem almennur rekstrarkostnaður. Vegna þessa telur starfshópurinn rétt að ný greining verði framkvæmd innan árs þar sem þessi áhrif verði metin sérstaklega. Þá verði ennfremur tekin ákvörðun um hvort tilefni sé til að endurskoða ofangreind hlutföll, þrátt fyrir að í 9. gr. samningsins sé kveðið á um að það sé gert með tveggja ára millibili.

Starfshópur um rekstrarlíkan: Helga Garðarsdóttir og Eymundur Sveinn Leifsson fyrir hönd Sjúkratrygginga Íslands. Valgerður Freyja Ágústsdóttir fyrir hönd samband íslenskra sveitarfélaga og Harpa Gunnarsdóttir og Sigurður Rúnar Sigurjónsson fyrir hönd samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu